





Resolution Test Chart Labels:

- 1.0
- 1.1
- 1.25
- 1.4
- 1.6
- 1.8
- 2.0
- 2.2
- 2.5
- 2.8
- 3.2
- 3.6
- 4.0



Photographic Sciences Corporation

**23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503**

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1993

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- ☐ Coloured covers/
Couverture de couleur
- ☐ Covers damaged/
Couverture endommagée
- ☐ Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- ☐ Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- ☐ Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- ☐ Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- ☐ Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- ☐ Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- ☐ Tight binding may cause shadows or distortion
along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la
distorsion le long de la marge intérieure
- ☐ Blank leaves added during restoration may appear
within the text. Whenever possible, these have
been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées
lors d'une restauration apparaissent dans le texte,
mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont
pas été filmées.

- ☐ Coloured pages/
Pages de couleur
- ☐ Pages damaged/
Pages endommagées
- ☐ Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
- ☒ Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- ☒ Pages detached/
Pages détachées
- ☒ Showthrough/
Transparence
- ☐ Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
- ☐ Continuous pagination/
Pagination continue
- ☐ Includes index(es)/
Comprend un (des) index

Title on header taken from: /
Le titre de l'en-tête provient:

- ☐ Title page of issue/
Page de titre de la livraison
- ☐ Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
- ☐ Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

- ☒ Additional comments: / Text in Icelandic.
Commentaires supplémentaires:

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10X	14X	18X	22X	26X	30X
☐	☐	☐	☒	☐	☐
12X	16X	20X	24X	28X	32X

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol $\longrightarrow$ (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole $\longrightarrow$ signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

4A3
THE UNIVERSITY OF MANITOBA
LIBRARY



PRESENTED BY
THE JÓN BJARNASON ACADEMY
1940

UM VATNSVEITINGAR.

EFTIR

JÓN BJARNASON.

FYRIRLESTR

FLUTTR A KÍKKJUÞINGI VID ÍSLENDINGAFLJÓT
28. Júlí 1890.

THE UNIVERSITY OF MANITOBA
LIBRARY


Sérprentan úr Lögbergi.

Winnipeg.
PRENTSMÍÐJA LÖGBERGS.
1890.

ACCESSION NUMBER

53537

v a
pa
un
fan
un
ad
sl
og
pi
ma
fk
lt
me
A
ad
af
li
H
na
p
sy
un
un
el
m
al
u
iz
u



Þessi fyrirlestr á að verða um vatnsveitingar. Yðr finnst það, ef til vill, nokkuð undarlegt umtalsefni, undarlegt, að *eg* skuli fara að tala um annað eins efni, undarlegt, að nokkur skuli dirfast að bjóða mönnum fyrirlestr út af slíku efni við annað eins tækisferi og þetta — fyrirlestr á kirkjuþingi um vatnsveitingar. Það kemr margt undarlegt fyrir hér í Ameríku. Og það er sumt meira en lítið undarlegt farið að koma fyrir meðal vor Íslendinga hérna megin Atlantshafs. Ég ætla ekki að fara að benda yðr sérstaklega á neitt af þessu ýmsa undarlega, sem á líðinni tíð hefir komið fram í þjóðlífi Íslendinga síðan þeir hófu landnám í þessari heimsálfu. Sumt af því, sem mér virðist undarlegt, sýnist yðr, ef til vill, alls ekkert undarlegt, og sumt, sem yðr þykir undarlegt, sýnist mér að líkindum ekki hót undarlegt, heldr þvert á móti í alla staði eðlilegt. En þegar eg nú í dag fer að tala hér um vatnsveitingar, þá get eg hálzt við því, að flestum þyki það undarlegt uppátæki, slíkt eigi þó

sannarlega alls ekki við á þessum stað, og eg hefði vissulega átt að bjóða mönnum upp á eitthvað annað, sem meiri líkur voru fyrir að eg væri betr vaxinn og sem betr samsvaraði tilgangi annarrar eins samkomu og þessarar.

Eg verð að biðja yðr að gjöra svo vel, að hafa ofr-litla þolinmæði og biðja með alla dóma yfir því, sem eg hefi valið mér til umtals, þangað til eg er búinn að segja það, sem eg ætla hér að segja.

Hefir hverjum einstökum yðar ekki stundum komið í hug að spyrja sjálfan sig að því, til hvers hann sérstaklega hafi haft köllun í lífinu? Gáfnafar allra manna er ekki alveg eins. Hver einstakr er frá skaparans hendi útbúinn með sérstökum hæfileglegikum. Hver einstakr maðr hefir frá upphafi þegið sitt sérstaka pund, eða sín sérstöku pund. Öllum er ætlað að verða nýttir menn og góðir menn, verða mannfélagi því, sem þeir til heyra, til meiri eða minni uppbyggingar. En allir hafa ekki hæfilegleika til þess að verða gagnlegir menn einmitt á sama látt, heldr er aug-

sýnilega hverjum atlað sitt sérstuka pláz til að starfa á og verða þar til verulegs gagns. En aftr er það víst, að ekki nærri því allir menn lenda nú í lífinu einmitt á því plázi, sem þeir helzt voru skapaðir fyrir. Og þegar svo er, þá notast hinir meðfæddu hæfileikleikar þeirra ekki líkt því eins vel og þeir hefði getað notast, hefði þeir lent inn á sitt rétta pláz. Denman sannleik viðkenna menn, þegar þeir segja, eins og vér heyrum svo oft, að sá eða sá hafi komið á skakka hyllu í lífinu. Hann hafði virkilega köllun til einhvers sérstaks æfistarfs, en leiddist viljugr eða nauðugr burtu frá því eiginlega hlutverki, er hann samkvæmt hæfilegleikum sínum eða gáfnafori var kallaðr til. Hin sérstöku hlutverk, sem einstaklingarnir eru kallaðir til, geta verið óendanlega margvísleg; þau geta verið í verklegu eða líkamlegu átt, og þau geta verið í hugsunarlegu eða andlegu átt; þau geta snúið eingöngu að þessari sýnilegu jarðnesku tilveru, og þau geta líka snúið að hinnu ósýnilegu, andlegu og eilífu tilveru. Margir lifa víst svo til elli-ára, að þeir komast aldrei að neinni niðrstöðu með tilíti til þess, til hvers þeir hafi eiginlega haft köllun í lífinu. Og af þeim, sem virkilega komast að fastri niðrstöðu um það, til hvers þeir sérstaklega hafi haft köllun, eru margir, sem enda svo æfi sína, að þeir aldrei komast inn á það starfssvið, sem þeir þó sjálfir vel vísu að þeir veru kallaðir til. —

Ekki veit eg, enda er það ekki mitt að ákveða það, til hvers hver einstakr yðar hefir helzt haft köllun í lífinu. En eg þykist vita, til hvers eg sérstaklega hafi haft köllun. Eg að minnsta kosti tel mér trú um, að eg viti þetta — viti, til hvers eg helzt hafi verið skapaðr. Eg álit, að eg hafi skapaðr verið til þess að verða ofrlitill vatnsveitingamaðr. Mér finnst, að eg hafi sérstaklega haft náttúru til þess að eiga við vatnsveitingar. Eg held eg hafi haft þessa náttúru eða tillnæging frá blautu barnsheini. Eg held, að eg hafi verið fæddr með þessari tillnæging. Ekki uppástend eg það nú samt. Það er örðugt að aðgreina sumu þá hæfilegleika og sumar þær tillnægingar, sem maðr hefir fengið í sig fyrir sérstök atvik í uppvexti sínum, frá þeim, sem maðr hafði í sér þegar eftir fæðing sína. En nokkuð er það, að frá því fyrst, er eg man eftir mér, hafi eg fundið til sérstakrar tillnægingar í þessa vatnsveitinga-átt. Eg hafði ákafllega snemma yndi af því að horfa á rennanda vatn. Mér fannst þá, að mig reglulega langa til að vinna að því að breyta ýmsum árfarvegum, hlaða fyrir þann og þann lækinn, og algjörlega breyta stefnu hans, sameina marga smálækki í einn, veita vatninu alveg burt úr þeim eða þeim stöðupolli, skapa ný stöðuvötn, byggja þar eða þar flóðgarð, búa til alveg nýja fossa, og margt fleira af þessu tagi. Og nokkuð er það, að eg kom oft alvotr og illa útístandi heim eitthvað utan af

viðavangi frá slíkum vatnsveitingum, þegar eg var barn. Skömmu eftir að eg var fermdr fór eg í Reykjavíkr-skóla. Og á árunum, sem eg var í skóla, ferðadist eg vanalega bæði vor og haust landveg milli Reykjavíkr og austrlandsins eftir endillöngu Skaftafellssýslu og Rangárvalla-strandlendum, þar sem fleiri vatnsföll renna til sjávar heldr en í öllum öðrum héraðum Íslands til samans, og þar sem vatnarfkið á Íslandi kemur fram í sínum algleymingi, — til þess ekki að segja í allri sinni dýrð. Vinur minn og skólabróðir séra Mattías Jökumsson sagði á þeim árunum oft við mig í hálfgjörðu spaugi: „Dú ert svo góðr í vötnum“. Það var ofrlítið satt í þessu. Því fór reyndar mjög fjarri, að eg væri nokkur vatnahetja. Það var ekki laust við, að mér frá fyrst til síðast stæði stuggr af hroðalegustu jökulvötnunum í Skaftafellssýslu. En eg hafði fengizt meira við að svamla yfir þau og allan þennan mesta og stórfelldasta vatnsaga á landinu heldr en fletallir af skólabróðrum mínum. Það komst meira og meira upp í vana fyrir mér að eiga við þessi vötn. Og í samanburði við aðra, sem ekki þurftu að ferðast yfir þetta mikla vatnsfalla-svæði, varð eg virkilega talsvert „góðr í vötnum“. Eg varð einu sinni svo frægr, að sjá á einni ferð míni úr skóla í Núpsvötnunum vestan til á Skeiðarársandi það, sem Þjóðtrúin í Skaftafellssýslu kallaði og ef til vill kallar enn „vatna-anda“. Eg sá þar á förnunum vegi einhverja ó-

þekktu syndandi skepnu hossa sér í straumidu hinnar mórauðu jökulmóðu, ýmist fyrir ofan eða fyrir neðan brotið, sem eg og samferðamenn mínir urðum að þræða. Slíka sjón má að sögu all-oft sjá í þeim jökulvötnum, þegar í þeim er „hlaup“, eins og það er kallað, eða þegar í þau fer bráðr hroða-vöxtr. Og Þjóðtrúin hefir myndað all-mikið æfintýrasafn út af þessum óþekktu vatnaskepnim. Ein sögnin er t. a. m. sú, að stundum myndist allt í einu brot á hyldjápum straumálum vatna þessara, og á slíkum brotum hafi svo einstöku sinnum heilar ferðamanna-lestir farið yfir um og sloppið heilar á hófi. En brot þessi sé nú í rauninni ekki annað en það, að vatna-andi hefir lagt sig þvert yfir álinn, og á hans baki hafi lestirnar farið yfir um. En það kvað vera betra að hafa hesta sína sláð járnaða á slíkri glæfraferð, því bakið á þessum vatna-öndum kvað vera sleipt eins og hálasti ís, og verði þeim, sem vaða yfir vötnin á slíkum yfirnáttúrlegum brotum, fótubrestr, þá er þeim þannig vöðinn víst. Þessi kunningsskapr, sem eg fyrir „rás viðburðanna“ í minni eigin æfisögu komst í við jökulvötnin í Skaftafellssýslu, gjörði það að verkum, að vatnsveitinga-náttúran hjá mér dó að minnsta kosti ekki alveg út, þó að skólaganga mín sýndist ætla að heina lífi mínu í aðra átt en náttúrufar mitt samkvæmt ádr sögðu helzt virtizt benda til. Að sumu leyti styrktist þessi náttúra í vatnsveitinga-átt hjá mér við það, að

kynnast þessum hroðalegustu og lættulegustu vatnsföllum Íslands. Þau eru flest svo, að manulegum krafti er víst alveg of-vaxið, að veita þeim burt úr hinum náttúrlegu farvegum þeirra. Jökulvötn á flugsandi getr helzt enginn átt neitt við. Þau eru eins og hugr manns, alveg óútreiknanleg. Þau eru nærri því eins og hinir yfirnáttúrlegu vatna-andar, sem þjóðtrúin segir eigi heima í þessum vötnum. Það myndast brot yfir þau hringað og þangað í dag, en á morgun eru brotin slutt á allt aðra staði eða jafnvel horfin með ölla. Maðr má þakka fyrir, ef maðr getr klöngrazt yfir þessa jökulvatnsála á einhverju slíku augnabliksbroti, og þá er eftir á eins og maðr hafi komiðzt yfir um á baki einhvers ósýnilegs vatnsandá. Og þegar maðr er búinn að reyna þetta, þá getr maðr ekki annað en tekið það sem eintómt spaug, ef einhver kunningi manns á eftir segir við mann eins og séra Matías sagði við mig: „Þú ert svo góðr í vötnum“. — Og það er sannarlega gróði fyrir hveru þann, er hug hefir á vatnsveitingum, að sannferast um það fyrir eigin raun, að það eru margir þeir vatnsálar til, sem hvorki hann vé nokkur annar maðr getr neitt við átt.

Nú, eg varð ekki neinu vatnsveitingamaðr, — ekki í bókstaflegum skilningi. En forsjúin hagaði því samt svo, að sá lífsferill, sem eg komst inn á, eftir að eg lauk skólanámi mínu, gaf mér sérstakt tilefni, sérataka hvöt, til þess að

fluga og jafnvel til þess dálftið í verkinu að fást við nokkuð, sem eg kalla andlegar vatnsveitingar. Eg hafði leiðzt burt frá því að eiga nokkuð við vatnsveitingar í bókstaflegum skilningi til þess nú eftir að fullorðins árin kemu yfir mig að fara í fullri alvöru að hugsa um og eiga við hinar andlegu ár og hina andlegu löki, sem runnu og renna gegnum þjóðlíf míns eigin fæðurlands. Því betr sem eg virti fyrir mér ástand hins íslenzka þjóðlífs eg því betr sem eg lærði það að þekkja, því sannferðari varð eg um það, að þar þurfti á miklum og stórkostlegum andlegum vatnsveitingum að halda, að þar voru andlegir stöðupollar, sem þurfti að veita burt, að til voru íslenzkir þjóðlífsstraumar, sem þurfti að þurrka upp, og að aftr voru aðrir straumar, auglýnilega með heilsusamlegu lífsins vatni í, sem þurfti að hleypa vexti í, svo miklum vexti, að þeir næði að flóa út yfir undirlendið og framleiða þar nýjan og aukinn andlegan gróðr. Og eg sá meira, eg sá, að það þurfti að hleypa nýjum straumum úr þjóðlífi annarra landa inn í þjóðlífið íslenzka, svo framarlega sem það ætti ekki að visna meir og meir upp og verða allt að því lifanda dauðt. Mér fullnægði ekki fremr en svo mörgum þjóðlífsstefnan á Íslandi. Eg trúði ekki á íslenzku pólitíkina, ekki á pólitík liuna svo kölluðu þjóðernismanna, þjóðvinanna eins og þeir kölluðu sig sjálfir, og enn þá stóð á konungkjörnu pólitíkina. Svo fór eg

eins og fleiri linguað vestr um haf inn í Þjóðlíf hinna frjálsu Ameríku. Eg hugsaði hálf í hvoru þá, að eg myndi nú aldrei framar eiga neitt við vatnsveitingar meðal mínar eigin Þjóðflokks, bjóst ekki meira en svo við, að það ætti framar fyrir mér að liggja, að leita að vöðum yfir Íslenzkar jökulsár eða að svamla yfir þær hálf-syndandi. Eg var að nafninu orðinn prestur nokkrum árum áður en eg fór til Ameríku, svo ungr þá, að eg þurfti að sækja um konunglegt vígsluleyfi. En eg hálf-hræddist það, að verða prestur, og sérstaklega að verða prestur á Íslandi. Og svo átti eg nálega ekkert við það starf, heldur tók til að kenna unglingum bæði í latínuskólanum íslenzka, og annars staðar, allt þar til eg fór af landi burt. Í Bandaríkjunum meðal Norðmanna stóð til að eg færi að vinna í prestlegri stöðu. En — eg ætla að áráða að segja það — forsjóum stýrði því svo, að það varð ekki, og eg skildi það atvik svo þá, að eg ætti aldrei við prestskap að eiga. Eg gat átt við andlegar vatnsveitingar þótt ekki yrði eg prestur. Að minnska kosti gat eg hugsað um slíkar vatnsveitingar og kynnt mér hina andlegu strauma í hinu amerikanska Þjóðlífi. Eg var að kennslu, ritstöfum og blaðstjórn. Tímarnir liðu. Íslendingar voru nútíðarhópum saman að slytja sig til Vestheims. Þessi Nýja Íslands nýlenda hér í skógunum og myrunum við vestrströnd Winnipeg-vatns — langt burtu frá öllum menntaðra manna byggðum — var orðin til, og var þá að ganga í gegnu um hörmunga-

tið síns frumbylingsskapar. En að eg færi nú að vinna ofr-lítið að andlegum vatnsveitingum meðal minna eigin landa þarna norðr í byggðunum, hugsaði eg. Og svo var eg af leiðandi mönnum þeirra beðinn að koma í þessu skyni, og svo gat eg ekki annað en komið. Og svo var eg, þvert á móti því, sem eg hafði búið við, orðinn Íslenzkur prestur á ný. Út úr neyð minna eigin landa lenti eg aftur inn í Íslenzkan prestskap. Eg vissi nú í raun og veru, að eg var ekki góður í vötnum, mjög lítt hæfur til þess að fara að eiga við Íslenzkan vatnsföll eða Íslenzkar vatnsveitingar, sérstaklega þær, sem beinast liggja fyrir þeim, sem kallaðr er til þess að vera prestur. En eg trúði því þá, að þetta væri vilji guðlegrar forsjónar, og eg trúir því enn, að svo hafi verið. Hin Íslenzka vatnsveitinga-náttúra rak á eftir mér. Hún slutti mig inn í Íslenzka Þjóðlífið aftur, hvað mest, ef til vill, til þess að sannfæra mig um, hve lítið eg nú eiginlega dygði til þess að vinna að því, sem eg þó alltaf í aðra rúndina tel mér trú um að eg hafi einna helst verið skapaðr til, gjöra mér það áþreifanlegt, að eg væri alls ekki góður í vötnum, að eg væri helst bráðnýtr vatnsveitingamaðr. Nú, en spursmálið er reyndar alls ekki um það, hvort eg dugi eða ekki. Spursmálið er ekki heldur um það, hvort Þjóðlífinu Íslenzka beggja megin Atlantshafs sé þörf á andlegum vatnsveitingum. Það kemr líklega öllum Íslendingum, sem nokkuð hugsa, saman um. En spurs-

málið, sem mér helst virðist nauðsynlegt að athuga fyrir oss, sem hér erum staddir fjarri fornum áttögum í nýjum heimi, er það, út á hvað vorar andlegu vatnsveitingar eigi helst að gangu. Um það geta verið og eru vissulega talsvert deildar skoðanir.

Það eru til meðal vors fólks hér í landinu tvær alveg andstæðar skoðanir þessu máli viðvíkjandi. Það er til sú skoðun, sem heldur því fram, að Íslendingar eigi hér að geyma svo vandlega þjóðerni sitt, að þeir eigi svo að segja að að gríða utan um sinn þjóðflokk hér með kúverskum múrvegg. Deir eigi að svo miklu leyti sem unnt sé að útiloka sig frá áhrifum annarlegrs þjóðernis. Deir eigi að halda öllum sínu þjóðháttum svo óbreyttum, sem kringumstæður þeirra frekast leyfa. Deir eigi helst að taka sér bólfestu í nýlendum út af fyrir sig, sem sé lokaðar fyrir öllu annarra þjóða fólki. Deir eigi jafnvel eigi að láta lörunin sín læra annað mál en íslenskuna, og því samhljóða skuli kennslan í alþýðuskólum slíkra íslenskra byggðarlaga fara fram á íslenskun. Hugsunin er, að varðveita íslenska þjóðernið sem allra bezt og láta það sitja fyrir öllu. Hin skoðanin, sem þessari er fjarstæðust, gengr út á það, að flytu því sem allra mest, að Íslendingar hér sleppi sínu þjóðerni og vaxi andlega og líkamlega hið allra bráðasta saman við hinn ensku-talanda lýð landsins, aðalþjóðbálkinn í landinu. Þeir, sem þessari skoðun fylgja eru svo bráðir á sér, að þeir vilja

helzt, að hér sé hætt við allt sérstaklega íslenskt félagslíf. Deir ímynda sér, að allir slíkir félagsskapur sé ekki til annars en tefja fyrir því, að hinir hingað fluttu landar sínir verði það, sem þeir eiga að verða og hljóti fyr eða síðar í verða, reglulega ameríkanskir menn. Gæti þessir menn ríðið, þá væri alls ekkert átt hér meðal Íslendinga við íslenskt ríttstörf, ekkert íslenskt blað eða tímarit væri hér gefið út, öll íslensk nýlendubugsun hyrfi þá óðar, menn hætti þá alveg við að brjótask í því að koma á íslenskum söfnuðum í hinum ýmsu byggðarlögum, öll prédíkan og kirkjuleg barna-uppfræðsla á íslensku hætti, hið íslenska kirkjufélag yrði óðar látið deyja. Hver einstakr holaði sér andlega niðr þar sem hann bæri að, léti berast hvert sem verkast vildi með þeim þjóðlífsstraumi, sem honum væri kastað inn í. Aðalatriðið væri, að verða sem allra fyrst úr sögunni sem Íslendingr. Hin fyrri skoðanin vill varna því, að nokkrir verulegir andlegir straumar renni úr ameríkanska þjóðlífinu inn í þjóðlíf Íslendinga. Hin síðari viðurkennir ekki, að Íslendingar eigi neitt það til í hinni andlegu eigu sinni, sem eiginlega sé nokkurs virði í samahurði við það, sem hér í landinu stendur þeim til boða, og hún virðist ekki trú því, að neinn andlegr straumur, néinn minnsti lókr, geti frá íslensku þjóðlífi streymt inn í hið andlega líf þessa lands, sem framtíð landsins geti haft nokkuð gott af. Hvortveggja skoðanin

er nú ótæk, stendr fyrir mér sem ákaflega stór vitleysa; hvorug þeirra getr, hversu mikið sem menn vildi það, náð fram að ganga, enda lít eg svo á, að færi almenningr að berjast í alvöru fyrir því, að önnur hvor þessara skoðana fengi framgang, þá drygði hann með því þjóðernislega dandasynd. Vér drygðum þá synd, ef vér færum að berjast fyrir því, að þjóðflokkur vor hér yrði sem allra mest útlokaðr frá þeim andlegu straumum, sem eru virkilega lífsaðlið, upplýstingar- og endræðingargæði í þjóðlífinu hér. Og vér drygðum þá synd og, ef vér í einni svipan köstuum frá oss öllum vorum andlegu föður- og móður-arki og köstuum oss inn í þjóðlífið hér áður en vér værum orðnir bærir að dæma um það, hverjir andlegir straumar eru í þessu sama þjóðlífi til lífs og hverjir til dauða. Eg skal segja yðr, hvað vakir fyrir mér, að því er særtir voru íslenzka þjóðernis-spursmál. Eg get sagt yðr það líklaust, sem hér eru staddir með mér á þessu kirkjupingi, vegna þess að eg er hér um bil viss um, að alveg hið sama vakir fyrir flestum, ef ekki öllum, yðar. Það vakir það fyrir mér, að hinn íslenzki þjóðflokkur, sem hingað er kominn til Ameríku og framvegis mun koma hingað yfir um, hafi með því að koma hingað fengið af forsjóninni alveg sérstaka köllun, köllun til þess að vinna að tvöföldum andlegum vatnsveitingum, köllun til þess að leida einhverja ofr-litla frjógvandi strauma úr stau eigin þjóðlífi heiman af

Íslandi út yfir hinar grænu og grasi vöxnu grundir hér í landinu, og köllun til þess að veita einhverjum lífsstraumum hédan og heima út yfir þjóðlífið á Íslandi. Eg er ekki nihilisti, hvorki með tilliti til íslenzks þjóðernis, né heldr með tilliti til hins ameríkanska þjóðlífs. Og af því að eg er ekki nihilisti í hvorugum þessum ekinlingi, eins og eg ekki heldr vil vera það í neinum öðrum skilningi, þá trúi eg því, að þjóð vor eigi í eigu sinni ýms andleg gæði, sem er sjálfsgæði skylda vor að geyma og ávaxta og gróðrsetja þar sem vér erum niðr komnir, og eins trúi eg því líka, að hið frjálsta þjóðlíf þessa lands hafi margt það við sig, sem ekki að eins oss hér getr verið og á að verða til blessunar, heldr líka getr orðið til blessunar þjóð vorri heima á Íslandi. Það væri sammarlega eitthvað meira en lítið ónáttúrulegt, ef annað eins land og Ísland ætti ekki að geta haft neitt verulega gott af því, að eiga nylendu í einhverju framfara-mesta landi heimsins og fá einmitt fyrir tilveru þeirrar nylendu í en yfir þjóðlíf sitt eitthvað dálítið af þeim andlegu vatnssraumum, sem eru eign og einkenni þessa lands. Mér sýnist alveg óþarfi að sanna slíkt. Hafi landnaám þeirrar þjóðar, sem oss er náskyldast, Norðmanna, í Ameríku, eins og eg veit ekki betr en allir viðrækni, orðið til þess, fyrir áhrif þann, sem hið hart-slutta brot af þjóðinni vestan um haf hafði á landa þeirra heima, að hrinda þjóðlífi Norvegs til stórra

muna áfram, þá væri undarlegt, ef landnám Íslendinga í þessu sama landi ætti ekki að geta haft og hlyti ekki að hafa eitthvað tilsvareandi áhrif á þjóðlífið heima á Íslandi. Hitt gæti í fljótu álitu virzt örðugra að sanna, að þessa lands þjóðlífi geti haft nokkuð gott í andlegu tilliti af því, að annar eins smáhópr og hinir hingað fluttu Íslendingar gjöri þetta land að sínu eigin, og sérstaklega örðugt fyrir þá að sanna þetta, sem eins og eg ganga út frá því sem sannleika, að í nútíðar-kyrslóðinni íslenzku og nútíðar-þjóðlífinu á Íslandi sé svo mikið til af þeim andlega sjúkdómi, sem vér höfum leyft oss að kalla *nihilismus**). Síðan í fyrra eg leyfði mér að benda á þetta

*) Hinn heimsfregi rússneski rithöfundur Leo Tolstói segir í upphafi einnar bókar sinnar: „Í 45 ár af mínu lífi var eg nihilisti, í hinum eiginlegu merk-ing þess orðs, — ekki byltingargjarn socialisti, heldr maðr, sem trúði á ekki neitt“. Hér er alveg sama þýðing lögd í orðið nihilisti eins og eg hef í það lagt í fyrirlestri mínum frá í fyrra um íslenzku, nihilismu. „Fjallkonunnar“ dugir því ekki að bera mér á hryn, að eg viti ekki, hvað nihilismu sé í rússneskum skilningi. Og þar sem hún nefnir hina nýju dónsku bók „Indtryk fra Rusland“ eftir dr. Brandes og gefr í skyn, að sú bók vitni á móti því, sem eg hef sagt um rússneskan nihilismu, þá fe eg ekki betr séð eftir að hafa lesið þá bók frá upphafi til enda en að „Fjallkonu“-ritstjórnin hafi af eins þar verið að slá um sig, þar sem ekkert er í þeirri bók til, er eigi fullkomlega geti sumræmt við mín fiörðu ummæli um nihilismu Rússlands. Það ligger mest að atla, að ritstjóri „Fjallkonunnar“ hafi aldrei lesið þessa bók, en hafi slengt því út, að hún talaði á móti mér, í trauð þess að bókin myndi af sér fæm Íslendingum verða lesin og í von um að sinn ósanni sleggjúðómr myndi standa án þess nokkur mótmælti honum.

íslenzka þjóðarmein hafa þeir, sem mest eru suortnir af þessum sjúkdómi bæði heima á Íslandi og hér vestan hafs, allt ofan frá ritstjórn „Fjallkonunnar“ í Reykjavík og neðst niðr að „Heimskringlu“ í Winnipeg, risið upp á skottleggjunum og sagt svo sem svo: Ertu svo ósvifinn að kalla oss nihilista! Veiztu ekki, að með því að kalla oss nihilista, þá kallar þú alla íslenzku þjóðina nihilista? Því vér erum hinir sönnu fulltrúar þjóðarinnar. Vér erum þjóðin. — Og þegar nú búið er að slá þessu föstu, að eg hafi sagt, að öll þjóðin íslenzka væri nihilistar, þá get eg búið við, að mönnum þyki ekki mikið vit í því af mér að fara nú að halda fram, fyrst og fremst því, að sá hópr af Íslendingum, sem hér í landi sezt að, geti fyrir sjálfan sig haft nokkuð gott af því í andlegu tilliti að standa andlega í sambandi við Ísland, og í öðru lagi því, að nokkrir andlegir lífsstraumar frá Íslandi geti gegn um landnemahópinn íslenzka hér runnið inn í eða út yfir hérlezt þjóðlífi því til frjýgvunar og blessunar. Eg get búið við, að spurt verði: Hvaði vit er í því, að þú sért að tala um andlegar vatnsveitingar úr þeirri átt, þar sem þú sjálf segir, að svo mikill og vöðalegr nihilismu sé ráðandi og ríkjandi, þar sem þér sjálfum virðist, að menn allt að því yera á leiðinni með að varpa sínu eigin þjóðlífi í reglulegt, nirvana? Áðr en eg svara þessari spurning atla eg að minna menn á, að þeir, sem verst hafa látið út af um-

kvörtun minni um íslenzkan nihilismus, trúna því alveg vafalaust sjálfrir, að þetta þjóðarmein sé virkilega til, og það í ákaslega stórum stýl, meðal vors fólks, eru eins sannfærðir um það eins og eg er sannfærður um það. „Fjallkonan“ hefir sjálf með sterkum orðum prédikað þann boðskap, að dyggðir og drengskapur væri nú einmitt á þessum síðustu tímum óðum að dvína á Íslandi, fyrir utan svo margt annað, sem hún hefir sagt að þar væri í sýnilegri aftför. Svo að svo framalega sem hún trúir sínum eigin orðum, þá liggur það opið fyrir, að hún trúir ekki einungis því, að til sé íslenzkr nihilismus, heldr og að hann sé verulega mikill, svo mikill, að eftir hennar skodan er þjóðin síðferðislega að terast upp. Og hvað á maður þá að hugsa um ritstjórn „Heimskringlu“, sem nú á þessu síðasta misseri, eftir að uppástand mitt um íslenzkan nihilismusinn er orðið almennungi kunnugt, seilis henni til Reykjavíkr á Íslandi til Gests Pálssonar til þess að fá ham til að rita í blað sitt, — þann mann, sem búinn var að halda hvern fyrirlestirinn eftir annan um það, hve megn væri nihilismusinn í þjóðinni, Lánum að staðfesta frá þu sjóðarmíði alveg hið sama og e frá mínu sjóðarmíði var að leitt við að leiða rök að í fyrirlestri mínum um þetta efni í fyrra? Og hvað ritar svo hr. Gestur í „Heimskringlu“? Hvað kaupir hún göngu ritstjórn þess blads hann til að rita í sitt blað? Um nihilismusinn í þjóðinni. Hún

kaupir vin minn Gest Pálsson, sjálf-sagt einhvern ritfærasta manninn á Íslandi, til þess í sínu eigin blaði að sanna, að það sé miklu meiri nihilismus í íslenzku þjóðinni á yfirstandandi tíð, í alþýðunni íslenzku einmitt, heldr en eg hefði nokkurn tíma átt að uppástanda. Mann lesi í þessu sambandi dökumentíð frá hr. Gest, sem „Heimskringla“ leggur fram fyrir almenn-ing, um það, hvernig alþýða kom fram í prestakalli Hofsprestsins í Álfafirði, þegar verið var að koma honum frá. Svo hún launar mann, skáld og ritsuilling, þessi „Heimskringla“-ritstjórn, til þess að sanna allt, sem eg hefi sagt um íslenzkan nihilismus, til þess að gjöra öllum hennar lesendum, sem eru með fullri rænu, það apreifanlegt, að allar hennar umkvartanir um það, sem eg hefi sagt, og öll þau illyrði, sem hún hefir ausið út yfir mig í því sambandi, sé þvert á móti hennar eigin sannfæring og yfir höfud ein hræðilega stór langa-vitleysa.

Og nú skal eg reyna að svara þeirri spurning, hvaða vit sé í því fyrir mig eða nokkurn annan mann að tala um andlegar vatnsveitingar heiman frá Íslandi og hingað yfir til vor, út yfir nýbyggðirnar íslenzka hér í laninu og með tímanum gegnum þær inn í þessa lands þjóðlíf. Fyrst og fremst er það nú háttilega viðurkennt af mér og þeim, sem líkt hugsa og eg, að þó að mikill nihilismus sé til í þjóðlífinu á Íslandi, þá eru engangveginn allar andlegar vatnsæðar þar uppþrönaðar eða lotufrosnar. Eins

og til eru vitanlega á Íslandi uppsprettulindir með eins tæru vatni í eins og sjálfsagt nokkurs staðar á hnettinum, eins eru þar vissulega líka til andlegir vatnstraumar, sem bæði geta verið til svölunar og frjóvgunar, andlegir vatnsstraumar, sem fullkomlega eru þess verðir, að þeim sé veitt inn í þjóðlíf vort í þessu landi. Út af sýning minni af hinum íslenska nílilísuus, sem í rauninni allir viðurkenna, þegar farið er að tala við þá privat, hefir mér verið borið á bryn, að eg sæi ekkert nýtilegt og gott, ekkert einasta lífsmark með minni eigin þjóð á Íslandi á þessum síðustu tímum. Þetta eru hrópleg ósannindi. Þó eg hafi miðnt á þann sannleika, sem reyndar allir vita, að meginhlutinn af hinu mikla vatnsmagni landsins er samfrosti jökull, þá leiðir ekki af því, að eg hafi neitað því, að nokkurt íslaut vatn, nokkurt rennandi vatn væri lengr til í landinu. Þótt eg hafi kvartað yfir því opinberlega, sem allir hugsandi menn þjóðar vorrar virðast finna svo sárt til, þegar maðr talar við þá privat, að hið andlega jökulríki sé svo börmulega mikið í þjóðlífi Íslendinga, þá hefi eg aldrei sagt og aldrei hugsað, að allt Ísland væri andlega í klakabundnum dróma. Hefi eg ekki all-oft opinberlega getið þess, að Ísland ætti nú einmitt góð og upplýftandi skáld? Hefi eg ekki nokkrum sinnum sýnt sára Mattías Jökumsson, og minnt á það, hvílíkr sómi það er fyrir svo fátæka þjóð, að eiga önnur eins skáld?

Hefi eg ekki líka nefnt Steingrín Thorsteinsson í svipuðu sambandi? Hefi eg ekki á prédikunarstólnum dregið fram andleg gullkorn jafnvel eftir Benedikt Gröndal? Hefi eg ekki opinberlega með þakklæti viðurkennt ýmislegt í verki sára Helga Hálfdanarsonar meðan eggin heima á Íslandi hafði neitt gott orð um það að segja opinberlega? Hefi eg þagað um það að Ísland á einn sára Valdemar Briem, mann, sem gefið hefir vorri fátæku kirkju einhverja þá dýrðlegustu sálma, sem vor þjóð nokkum tíma hefir framleitt? Og hver væ það, sem hlétt því á lofti opinberlega, að með nýju sálmabókinni íslensku hafi íslenska kirkjan eignast einhverja þá góðugustu sálmabók, sem nokkur kristin kirkjudeild eigi nú í eigu sinni? Eg ritaði um sálmabók þessa ritdóm í þessa átt, lengri ritdóm en allt, sem allir menn á Íslandi rituðu um hana il samans. Samt af því, sem heimil var ritad um bókina, var óvirlegt last og enginn hafði neitt lkt því eins gott að segja um bókina þins og einmitt eg. Og svo er sagt að eg viðurkenni ekkert af því, sem gjört er á Íslandi, sagt, að eg sjái þar ekkert annað en tóman jökul. Neia það stendr nógu mikið svart, hvítu eftir mig til að súa og sanna að eg er hér ranglátlega og hraklega nfdur. Eg viðurkenni, þekki og elska andlegar ófrosnar uppsprettulindir í íslenska þjóðsögu, og þeim lindum vil eg að veit sé hingað inn í vort íslenska félagslíf og gegnum það með tnanum eftir

Steingrím
sambandi?
unarstólnum
lkorn jafn-
ndal? Hef
ð pakklæci
verki séra
neðan eng-
hafði meitt
ja opinber-
m það, að
unar friem,
orri fitöku
lýrðlegustu
e var það,
opinberlega,
ni íslenzku
gmzt ein-
nbók, sem
d eigi nú
m sálma-
átt, lengri
menn. á
il samans.
var rit-
legt last
t því eins
s og ein-
ð eg viðr-
gjört er
sjái þar
ökul. Neía
svart,
og sanna
og hrak-
þekki og
upsprettu-
og þeim
þingad
gslif og
um eftir

því sem þjóðflokkur vor verður hér innlendr inn í það þjóðlíf, sem hann auðvitað smásaman á að vaxa saman við. En sem sagt það er meira vatn til á Íslandi en það. sem ófrosið er. Svo er það í náttúrufkinu og svo er það í andlegu tilliti. Þegar eg er að hugsa um andlegar vatnsveitingar heiman af Íslandi hingad yfir um, þá er eg ekki að eins að hugsa um vatnsbólín þar, sem á yfirstandanda tíma liggja auð, opin og ófrosin. Eg er líka að hugsa um hið mikla andlega vatnsmagn þar, sem nú geimist klakabundið í þjóðlífinu og þar af leiðanda er ónotað og öllum gagnslaust, á líkan látt og hið náttúrlega vatnsmegin, sem þar er haugað saman í hinum frosnu vatnsdyngjum, er kallaðar eru jökla- ar. Eg veit það vel, að hina náttúrlegu jökla Íslands bræðir enginn mannlegr kraftur. En það, sem eg í þessu sambandi kalla andlega jökla á Íslandi, það má vissulega bræða. Af hinum mörgu ónotuðu og uppstýrnuðu andlegu fjársjóðum Íslands má vafalaust leysa klakaböndin. Á ekki Ísland heilmikla andlega fjársjóðu, sem ekkert annað land á í eigu sinni? Á ekki Ísland miklar og merkilegar bókmenntir frá miðöldinni, síni eigin fornöld? Á ekki Ísland Eddurnar með hinum merkilegu goðasögnum úr hinu einkennilega átrúnaðarlífi allra norðr-Evrópuþjóðanna? Á ekki Ísland sínar eigin klassisku forn- sögur, er sumar hverjar fyrir utan þann sögulega fróðleik, sem þær koma með, eru svo fullar af fegrsta

skáldskap og sálarfræðislegum vís- dómi, að þær má setja við hlið- ina á því, sem bezt er í bók- menntum flestra annarra þjóða? Og á ekki Ísland meiri þjóðsagna-auð frá síðari öldum heldr en nokk- urt annað land í heiminum? Eg leyfi mér að leggja fjarska-mikla áherzlu á íslenzku þjóðsögurnar fyrir þá sök, að í þeim felast að ætlan minni alveg óþrjótandi skáld- skapar- og heimsspekis-uppsprettur. Og það er ætlan mín, að í íslenzku þjóðsögnum liggi meira af and- legum fjársjóðum heldr en í öllu öðru til samans, sem eingöngu er skapað af íslenzku þjóðlífi. Eg ætla ekki að tína til fleira ein- mitt af þessu tagi. En og ætla nú að spyrja? Getr nokkur í a'- vörum lítið svo á, að Íslendingar sé lútnir að ávaxta þessar sínar þjóð- ernislegu eignir í andans ríki svo sem verða má? Liggja þær ekki öllu heldr á yfirstandandi tíð ná- lega með öllu ónotaðar og óávaxt- aðar fyrir hið íslenzka nútíðaþjóð- líf? Meðan nálega engir Íslending- ar eiga við hinar fornu bókmennt- ir vorar í öðrum tilgangi en þeim, að leita þar að fornum málmynd- um eða til þess að skýra með þeim ýms ytri söguleg atriði, en varla neinum kemr til hugar að skygg- ast inn í þann andans heim, er þar er inni byrgðr, draga fram þá margbreytilegu karaktera, er þar er lýst o. s. frv., þá getr maðr vissu- lega sagt, að þessar bókmenntir liggi enn fyrir vorri þjóð í klaka- bundnum dróma. Og meðan þjóð- sögur vorar liggja alveg ónotaðar,

þá finnst mér maðr hafi rétt til að segja, að þær sé eins og vatnsmagnid á Íslandi, sem orðið er að ísdyngjum þar í jökklunum. Eg er að vona, að einhver krafrt verði í framtíðinni til þess að leysa klakaböndin af öllum slíkum þjóðernislegum eignum Íslendinga í andans ríki. Og þá er eg viss um, að það liggir opið fyrir öllum skynsömum mönnum, að hið andlega vatnariki á Íslandi er vel vert þess, að smærri eða stærri lækjum sé þaðan veitt út yfir byggðarlögin íslenzku herna megin hafs og gegnum þau, að svo miklu leyti sem ástæður leyfa, inn í menntunarlíf þessa lands.

Vér, sem hér erum sanran kominir, játum oss að vera lúterska kristni menn. Og ef nokkur meinung er í vorri kirkjulegu játning, þá göngum vér eflaust út frá því sem sjálfsgöðu, að lúterskan sé hið sannasta og gófugasta og fullkomnasta kristindómsform, sem er til. Vér höfum að vísu, sumir af oss að minnsta kosti, marg-oft sagt það í hjartanlegri alvöru, að kirkjan á Íslandi, móðurkirkjan vor þar, sé í vandæðu-ástandi; hún, skoðuð sem andlegt félag, nálgist það að vera eins og vatnið, sem ekki getr runnið fyrir því að það hefir frosið og orðið að ís. En vér trúum því, að vatnið sé í sjálfa sér eins gott bæði til svölunar og frjóvgunar fyrir því, þó að það fyrir náttúrlegar orsakir hafi frosið. Og eins trúum vér því, að vatnstegundin andlega, sem hin lúterska kirkja Íslands á í eigu sinni, sé í

eðli sinn eins góð og hrein og holl fyrir því, þó að það vatn hafi að all-miklu leyti fyrir rás viðburðanna eða fyrir sakir þess andlega loftslags, er sú kirkja hefir lifað í, frosið og orðið að ís eða jökli. Þegar vér höfum verið að kvarta yfir vorri eigin móðurkirkju á Íslandi, þá höfum vér sannarlega ekki verið að kvarta yfir því, að sú kirkja rætti ekki hreinan og ómengaðan kristindóm í eigu sinni samkvæmt sinni eigin trúarjátning, heldr yfir því, að stefna menntalífsins og stjórnafrýrirkomulagið og fleira þar væri því til hindrunar, að kirkjunnar eigin menn framfylgdi sinni eigin trúarjátning. Með öðrum orðum: Vér höfum kvartað yfir því, að hinir leiðandi menn kirkjunnar hafi látið lífsstrauma kristindómsins í kirkju sinni frjósa, látið andlegan ís leggjast þar yfir vötnin, látið frjósa fyrir uppspretturarnar í sjálfri biblíunni og látið einnig verða að ís svo margan andlega strauminn, sem frá þeim uppsprettum hafði áðr runnið út í þjóðlífið. Eða með enn þá öðrum orðum: Vér höfum kvartað yfir því, að það væri svo látið kirkjulegt líf á Íslandi. Og það er nú alveg hið sama að segja um þetta eins og um íslenzka nihilismusinn yfir höfuð að tala: það það neitar varla einn einasti maðr á Íslandi því í alvöru, að þessi umkvörtun vor eigi við gildustu rök að styðjast. Og það, sem öllum kemr í rauninni saman um, er óþarfi að vera að reyna að sanna. Enda liggir það fyrir utan umtals efni mitt nú að fara að koma með

sannarir fyrir því, að kirkjulífsástandið sé svoa sjúkt þar heima. En það, sem eg vildi gjöra mönnum ljóst með því, sem eg núna seinast hef tekið fram, er það, að það er eins ástæða fyrir oss Íslendinga hér í Ameríku til þess að vinna að útbreiðslu íslenzkrar lúterskrar kirkju í þessu landi, vinna að andlegum vatnsveitingum úr móðurkirkjunni þar hingað inn í kirkjulífi vort hér, fyrir því þótt að mörgu leyti sé þar ís á kirkjunnar vötnum, eða að lúterska kirkjan þar heima ekki líkt því komi fram með fullkomnu lífi. Þegar á annað borð ísinn leysir af vötnum íslenzku kirkjunnar, þá gengr maðr úr öllum skugga um það, að sú kirkja eigi hið tærasta vatn í eigu sinni. Því til sönnunar skal eg aftr minna á sálmaabókina nýju íslenzku. Eg þori hikaust að fullyrða, að engin ensku-talandi kirkjudeild, lútersk eða ólútersk, í öllu þessu mikla landi, Ameríku, á, þegar á allt er litið, eins góða, skáldlega og upplýftandi sálmaabók í eigu sinni eins og vér eigum í þessari, sem móðurkirkjan vor á Íslandi hefir gefið oss. Vér höfum séð sýnishorn af þeim sálmaabókum, sem presbyteríanská kirkjan hér í Manítoba hefir að bjóða þeim löndum vorum, sem þangað hafa viljað halla sér. Sálmaheftin, sem sú kirkja hefir látið trúarboða sinn Jónas Jóhannsson gefa út í Winnipeg, eru talandi vitnisburð um það, hvað Íslendingar fengi í þeirri grein, ef þeir hyrfi inn í þá kirkju, í staðinn fyrir það, sem vér nú eigum

heiman að frá Íslandi í vorri sálmaabók. Eg skoða slíkar sálmaabókmenntir eins og óhreina forarkeldu, sem ódrekkunda sé úr, svo lengi sem maðr á þess kost, að drekka tært vatn úr annarri eins lind eins og íslenzka sálmaabókin er. Eg skal minna á það, til þess að þetta, er nú var tekið fram, líti ekki út eins og tómt skrípademi, að all-miklum hluta sálma þeirra, er í heftum þessum stande, er enúð af ensku af menntuðum manni og skáldi á Íslandi, og þeir sálmar þá auðvitað af honum klæddir í viðnanda búning. En einnig í þeim búningi fulla þeir sálmar alveg í gegn í samanburði við hina íslenzku sálmaabók vora.* Það er alveg óhætt að leggja stór-mikla áherzlu á sálma hvernir kirkju sem er, því það er ef til vill ekkert í bókmenntum hinna kristnu þjóða, sem getr haft eins mikla þýðing fyrir hið andlega líf almennings eins og sálmannir, sem hann syngur á guðspjónustum sínum. Með engin ljóð fer almennigr eins oft eins og sína kirkjulegu sálma. Það er ómögulegt annað en þeir, komnir inn í meðvitund og hjarta hinna einstöku kirkjulíma, ráði að mjög miklu leyti hugsunarhætti almennings í andlegum efnum. Með sálmanum er sú kristundómstegund, sem þeir eru útgengnir frá og hafa í sér geymda, sungin inn í lífið. Hin lúterska kirkja er tiltölulega fá-

*) Þýðingarnar íslenzku af hinum ensku Good Templar-söngvum eru líka ágætt sýnishorn þessu máli til upplýsingar, þótt þær reyndar sé verri en frum-söngvarnir ensku.

menn hér í Vestrheimni í samanburði við æðrar ógöfugri kirkju-deildir, kirkjudeildir, sem samkvæmt trúarjátningum sínum hafa meira eða minna af óbiblíulegum ósannindum auðvitað við hlíðina á mörgu sönnu og góðu og kristilegu. Og mér sýnist það vera meira en lítið gjöfugt ætlunarverk, sem vor íslenzki þjóðflokkur auglýsilega er kallaðr af forsjóninni til, er hann flytr inn í þetta land, að verða hér ein fylking í hinu lúterska kirkjulíði, sem bæði með tilliti til meantunar og kristindómsstefnu stendr öllum kristnum kirkjudeildum ofar og sannarlega á að bera ægishjálmyfir alla trúarflokka þessa lands. Bæði mér og öðrum líkt hugsandi mönnum er af mótstöðumönnum vorum einatt boríð á brýn, að vér séum með sýningum vorum á íslenzku þjóðlífsgröllumunum að svívirða föðurland vort og þjóð vora. En þessir sömu menn sjá sjálfir eiginlega ekkert nýtilegt í þjóðlífsari vorum. Þjóðin er allra-bezta þjóð, segja þeir, en eftir hugsan þeirra á hún þó engan nýtilegan hlut í eigu sinni, ekkert einasta þjóðernislegt atriði, sem hér í nýju landi sé ómaksins vert að varðveita eða berjast fyrir að ná að verða gróðrsett í jarðvegi þessa lands. Ef það er ekki að svívirða sína þjóð, að segja að hún eigi ekkert í andlegri eigu sinni, sem hér í landi sé nokkurs virði, að sem Íslendingar eigi vort fólk hér hið allra bráðasta að verða að engu, þá veit eg ekki, hvað það er að svívirða þjóð sína. Og eg get

ekki hugsað mér neinn svartari íslenzkan nihilismus en þetta. Þégar vér nefnum kirkju vora á nafn og munum eftir því, að móðurkirkjan vor íslenzka er lútersk kirkja, þá ættum vér þó sannarlega að geta séð, að vér höfum sem Íslendingar ákaslega mikla missión hér í landinu, þar sem hin lúterska kirkja landsins er einmitt svo tiltölulega falið. Með því að uppbyggja sína eigin kirkju hér ætti Íslendingar að geta gjört þjóðlífi því, sem þeir eru fluttir hér inn í, miklu meira gagn heldr en þeir gjöra með því að dreifa sér hér út um þrífurnar og gjöra þær með líkanlegri vinnu sinni að blómlegum hveitðikrum, og er þó þetta síðarnefnda gagn, sem þeir vinna landinu, sannarlega ekki lítilsvirði. En það yrði lítilsvirði og frá sjónarmiði íslenzks þjóðernis einskisvirði, svo framarlega sem sú andlega vinna, er forsjónin auglýsilega hefir kallað þá til með því, að láta þá vera fædda og uppalda í lútersku kirkjunni, yrði engin. Eg get ekki lítið öðruvísi á, en að vér slepptum hér algjörlega öllum hinum íslenzka föður- og móður-arfi vorum, svo framarlega sem hin íslenzka lúterska kirkja vor yrði hér að engu. Því að þó að það samkvæmt áðr sögðu sé engan veginn allt í kirkjulega átt, er vér sem þjóðflokkur höfum oss til ágaetis, þá er það alveg víst, eins og það líka er margviðkennt af mönnum heima á Íslandi og hér, að dugi kirkjan vor íslenzka ekki til þess að halda hinum útflutta

n svartari ís-
 þetta. Deig-
 vora á nafn
 að móður-
 er lútersk
 þó sannar-
 vér höfum
 lega mikla
 þar sem hin
 er einmitt
 Með því að
 kirkju hér
 gjört þjóð-
 tír hér inn í,
 er en þeir
 eifa sér hér
 gjöra þær
 unni að blóm-
 er þó þetta
 þeir vinna
 lítilsvirði.
 og frá sjón-
 is einskis-
 n sú and-
 augsýni-
 með því,
 og upp-
 yrdi eng-
 öðruvísi á,
 algjörlega
 föður- og
 framarlega
 ska kirkja
 því að þó
 sögðu sé
 julega átt,
 höfum oss
 alveg víst,
 gviðkennt
 ndi og hér,
 zka ekki
 n útlutta

þjóðflokki vorum saman í þessari
 heimsálfu, og koma honum til þess
 að ávaxta hér sína þjóðernislegu
 dýrgrip, þá er ekkert, allsendis
 ekkert, er til þess dugir. Gegnum
 íslenska lúterska kirkju hér er það
 unnt, sem ella er ómögulegt, að
 fá fólk vort til þess að veita nokkru
 af því andlega vatnsmagni, sem Ís-
 land á í eigu sinni, inn í þjóðlífið
 í þessu mikla landi. Fyrir til-
 veru íslenskrar lúterskrar kirkju hér
 verður oss og komandi kynslóðum
 fólks vors unnt að gjöra Íslendinga
 í andlegu tilliti gildandi, láta þá
 fá verulega andlega þýðing fyrir hér-
 lent þjóðlífi.

Hvernig haldið þér standi eig-
 inlega á þeim megu mótblástri,
 sem þetta vesalings lúterska kirkju-
 félag Íslendinga hér hefir orðið að
 sæta stöðugt frá byrjun tilveru sinn-
 ar, en þó allra mest nú á þessu
 síðasta ári, ekki aðeins frá fávík-
 unni og nihilismusnum hér vestra,
 heldr líka frá sumum mönnum heima
 á Íslandi, sem óneitanlega eru nokk-
 uð meira en tónir nihilistar, hafa
 alveg víst trú á einhverju, eru að
 mörgu leyti gáfadir og skynsamir
 menn? Vér, sem fólkið sjálft hefir
 falið á hendr að halda fyrir það
 uppi hinu þjóðernislega kirkjumerki
 Íslendinga, höfum eftir beztu sann-
 færing vorri aftr og aftr brýnt það
 fyrir öllum þeim, er til vor hafa
 heyrt, að þjóðlífs-ástand Íslands væri
 lamað, að hin andlegu lífsöfl þjóð-
 arinnar væri ekki notuð sem skyldi,
 að þjóðin hefði grafið sum af sín-
 um beztu pundum í jörðu, að kirkj-
 an íslenska létu sumar heilsusamleg-

ustu vatnslindir þjóðarinnar í and-
 ans ríki frjósna og verða að ís.
 Ált af höfum vér gesið í skyn, í
 ranninni allt af gengið út frá því
 sem sjálfsögðu, að Íslendingar ætti
 miklar og góðugar andlegar eignir,
 og sérstaklega, að það væri mikið
 blessunarefni í því, að kirkja Ís-
 lands er lútersk kirkja. En vér
 höfum jafnframt tekið það fram
 með sterkum orðum, að það væri
 sorglegt mein, hve illa þessi ísl.
 þjóðlífsöfl væri notuð, og að ætt-
 um vér ekki að verða hér hið bráðasta
 úr sögunni í Vestrheimi sem Íslend-
 ingar, þá yrðum vér að nota þessi ís-
 lenzku þjóðlífsöfl margfalt betr en
 heima er gjört, grafa hin þjóðernislegu
 pund vor, þessi, sem mest er í var-
 ið, úr jörðu, sýna í verkinu hér,
 að vér eigum eitthvað það heiman
 að frá Íslandi, sem fullkonilega
 getr orðið gjaldgeng vara í þessu
 landi. Það sagði einn af vorum
 vitrustu og gæfustu mönnum, hr. Frið-
 jón Friðriksson, einhverutíma í haust
 eða vetr, þegar „Heimskringla“ var
 algjörlega byrjuð á því, að niða
 þá menn, sem helzt hafa haft for-
 ustu hinna andlegu mála vorra á
 hendi, kirkjupingsmennina og prest-
 ana, brizla þeim um harðstjórnar-
 náttúru og fleira í þá áttina, að
 það blað sigldi undir fölsku slaggi,
 létist vera málefni kirkjufélagsins
 hlýnt, en sýndi með allri fram-
 komu sinni, að því væri einmitt
 nauða-illa við það málefni. Blaðið
 mótmælti þessari sakargift í orði,
 en í verki hefir það jafnt og þétt
 síðan verið að færa rök að því,
 að hr. Friðjón Friðriksson hafi

haft rétt að mæla. Hvers vegna skyldi líka blaðinu vera svo auðum að gjöra mig og aðra, er í svipaðri stöðu standa í kirkjufélagi þessu, hataða og fyrirfitlega í augum almennings, ef það ekki væri fyrir þá sök, að því er svo nauðugla við málefnið, sem vér höfum verið kallaðir til að vinna hér að. Því blaðið veit þó mjög vel, að vér höfum ekki troðið oss upp á almennings hér, heldur er það fólk, sem beðið hefir um vora ófullkomnu þjónustu. Og að því er sjálfan mig snertir veit líka blaðið mjög vel, að vilji fólk vort verða laust við mig, þá þarf það alls ekki mikið fyrir því að hafa að fá mig burt. Svo þessar persónulegu skammir þess blaðs um oss get eg ekki tekið öðruvísi, hversu mikið sem vissulega má út á oss setja, en sem greinilegasta merki upp á óvild þeirra manna, er því blaðið stýra, til málefni þess, sem hið íslenska kirkjufélag hefir meðferðis. Af hvaða rótum illyrða-austrinn, sem „Fjallkonan“ hefir látið út yfir oss og kirkjufélag vort ganga, er sprottið, býst eg varla við að nein-um þeim dyljst, sem því vantrúarinnar málgaðni er nokkuð kunn-ugr. Og svo skal eg nefna einn mann heima á Íslandi, sem nú í seinni tíð hefir fundið ástæðu til þess út af hinni aðleggu vatnsveitingahugsan minni að halda beinlínis móti mér fyrirlestr í stúdentafélaginu í Reykjavík. Það er hinn ungi pólitíski maður Páll Briem. Hann jatar þar hreinskilnislega, hvað hann hræðist í minni vatnsveitinga-hugmynd.

Hann líkir mér við gamla Guðbrand biskup Dorláksson, sem eiginlega verklega gróðrsetti Lúterdóminn í Þjóðkirkju Íslands. Eg tek mér náttúrlega til æru. Væri eg nokkuð líkt því eins duglegr við andlegar vatnsveitingar eins og sá maður var, þá gæti eg í fullri alvöru sagt, að eg væri góðr í vötnum. Hver Íslendingr, sem gæti verið það fyrir þennan tíma, sem sá maður var fyrir sinn, hann þyrfti sannarlega ekki að skammast sín. Vitaskuld misskilr Páll Briem Guðbrand biskup alveg og þá öld, er hann var uppi á, þar sem hann ætlar volcedis-ástandið á Íslandi eftir hans dag eiga rót sína að rekja til þess kristindóms-lífs, er með honum kviknaði í landinu. Slíkr dómr ber þess órækan vott, að herra Páll hefir ýmugust á þeim andlegu straumum, er kristindóminn fylgja. Hann er lafluræddr um, að ef kristindómurinn verðr hinn ráðandi lífsstraumur hjá Þjóðinni, þá komi hinn ófrelsis- og eyndaröld yfir Ísland. Það gengr að honum sami sjúkdómurinn og báðum blöðum, sem eg nefndi, þeim „Heimskringlu“ og „Fjallkonunni“, — eins konar tegund af *hydrofobia*. Þér vitið margir, ef ekki allir yðar, hvaða sjúkdómur það er, sem vanalega er kallaðr með þessu nafni. *Hydrofobia* er grískt orð og þýðir vatnshræðsla. Það er óskiljanlegr, en hræðilegr sjúkdómur, sem hundar stundum fá, helzt í sjóðheitu veðri um mitt sumar. Deir verða óðir og hræðast vatn meira en heitan eldinn. Og í þessu

gamla Guð-
on, sem eig-
rsetti Lúter-
Íslands. Eg
l æru. Væri
eins duglegr
ngar eins og
eg í fullri
væri góðr í
ndingr, sem
þennan tíma,
er sinn, hann
ad skamun-
isskilr Páll
p alveg og
ppi á, þar
s-ástandið á
eiga rót sína
tindóms-lífs,
í landinu.
rækan vott,
gust á þeim
ristindómin-
fluræddr um,
verðr hinn
í þjóðinni,
og eyndar-
ngar ad hon-
eg báðum
ndi, þeim
llkonunni“,
ydrofobia.
í allir yð-
d er, sem
med þessu
grífskt orð
Það er
sjúkdómur,
á, helst í
tt sumar.
eðast vatn
og í þessu

óða ástandi bíta þeir hvern, sem
þeir ná í, og slíkt bit hefir lengst
af verið talið sjálfsgæðr bani.
Það er náttúrlega ekki þessi vana-
lega tegund af *hydrofobia*, sem
gengr að þeim Páli Briem, „Fjall-
konunni“ og „Heimskringlu“. Það
er andleg tegund af *hydrofobia*,
sem að þeim og öllum þeirra lík-
um gengr. Þau hræðast það, þessi
andlegu systkin, þegar þau heyra
bent á lífsvatu kristindómsins og
þetta orð endrtekið úr spádómsbók
Esajasar (55,1): „Gangið til vatns-
ins“. Þau hræðast vatnsbrunna krist-
indómsins, ef þeir eru opnaðir, en
einkum og sér í lagi hræðast þau
þá, ef menn fara að sýna sig lík-
lega til þess að veita úr þeim
sterri eða smærri straumum út yfir
eða inn í þjóðlífið. Og ef einhver
áræðir að halda því fram, að þjóð-
arheildin eigi að vína að slíkum
vatnsveitingum, þá ætla þau and-
lega að ganga af göflunum, heimta,
að brunnrinn sé hyrgðr, og sé það
ekki gjört, þá hleypr í þau eins-
konar æði, og þegar svo er komið,
þá getr maðr búið við, að þau
bíti hvern, sem er á öðru máli.
Hún er slæm þessi andlega *hydro-
fobia*. Það vantar nýjan Pasteur
til að lækna þann sjúkdóm. Það
er ekki þeirra meðferri, sem vita
með sjálfum sér, að þeir eru ónýt-
ir í vötnum. Eg get ekkert sagt
þeim sjúkdómi viðvíkjanda nema
að minna á þetta postullega orð (Fil-
ipp. 3,2): „Varid yðr á hundunum!“
Og svo get eg þar við lætt ofr-
lítilli athugasemd út af viðkyrning
minni við jökulvötnin á söndu

í Skaftafellssýslu. Þegar þá sérd
önnur eins skrímsl eins og „Hke.“
vera að hossa sér í hinum óhreini-
ustu vatnsálum síns eigin þjóðlífs,
þá eigðu helst ekkert við þá ála.
Farðu ekki yfir þá nema þú
sért neyddr til. Brotin yfir þá
eru tálbrot. Hveljungurinn á baki
þeirra „vatna-anda“, er þau brot
mynda, er háll eins og ís, og það
er alveg óvíst, að þú sért svo vel
skallajárnaðr, að þér dugi á þeim
ís. Og það er bezt, að hugsa ekk-
ert um vatnsveitingar úr þeim vötn-
um. Það er hætt við, að það verk
verði til ónýtis. Bezt að bíta
þangað til þeir þjóðlífsstraumar þorna
upp af sjálfum sér. Þeir hætta,
þegar jökullinn er bráðnaðr. Og
hinn andlegi jökull á að geta bráðu-
að í sólarhita kristindómsins.

Á milli Reyðarfjarðar og Fljóts-
dalshéaðs á austrlandi er einkenni-
leggr dalr, sem eg í fyrsta sinni á
æfi minni ferðaðist um síðastliðið
haust. Hann heitir Fagrigdalr. Það
er langr, nærri því þráðheinn dalr,
nærri því alveg flatr eða hallulaus
frá enda til enda, þegar maðr ið
eins er kominn upp á klifbrekku þá,
sem er í dalmynninu til beggja
enda dalsins. Verði einhvern tíma
lögð járnbraut milli Héaðs og ein-
hverrar fjardasveitarinnar þar á austr-
strönd landsins, þá sýnist dalr þessi
vera sjálfkjörinn fyrir slíkan þjóð-
veg. Dalbotninn er svo hallalítil,
að það er nærri því eins og það
vatn, er þar safnast saman, viti
ekki, hvert það á að renna, hvort
það á að áráða að halda upp til
Héaðs eða niðr til Reyðarfjarðar.

Á einum stað eitthvað nálægt miðjum dalnum koma tveir lækir niðr, hvor eftir sinni fjallshlíðinni, er að dalnum liggja, hvor beint á móti öðrum, og mætast í ofr-litilli tjörn þar á hinu örmjóa undirlendi dalbotnsins. Hið sameinaða vatn lækja þessara myndar hina litlu tjörn, en svo hefir tjörnu tvær afrásir, dálttinn læk, sem rennr til Héraðs, og annan álíka stóran, sem fellr til Reyðarfjarðar. Eg minnst þess ekki, að hafa nokkurn tíma séð annað eins vatnsrennsli. Eg starði á þetta samrennsli lækjanna og svo burtrennsli hinna nýju lækja úr hinni einkennilegu tjörn einu og nærri því eitthvert furðuverk í náttúrunni. Og mér þótti það svo merkilegt, að eg held eg geti aldrei gleymt því. Og núna að minnsta kosti blasir þessi sjón svo undr skýrt við mér. Eg vil svo lengi sem eg lifi hér í Ameríku vera staddr á miðjum Fagradal. Og eg vil, að allr út slutti íslenzki þjóðflokkurinn sé staddr þar líka. Og eg vil, að vér tökum oss allir stöðu á blettinum, þar sem hinir tveir lækir, hvor úr sinni fjallshlíðinni, mætast þar í dalnum. Það er að segja: eg vil, að vér látum til vor streyma andlega lífs-

strauma bæði úr þjóðlífi Íslands og eins úr þessa lands þjóðlífi. Og eg vil, að þessir tveir straumar, hvor úr sinni áttinni, sameinist, renni saman í eitt dálítið hreint og tært og skemmtilegt stöðuvatn. Og svo veit eg þá, að það stöðuvatn, af því að það er þar sem það er, á miðjum Fagradal, fær af sjálfu sér tvær afrásir, andlegan lífsstraum, sem frá oss flýr heim til Íslands, og annan svipadan, sem frá oss flýr inn í hið ameríkanska þjóðlíf. Og þó að eg sé ekki góðr í vötnum, játi mig í fullri alvöru ónýtan vatnsveitingamann, sé hjartanlega fús til þess, að hætta, ekki að hugsa um íslenzkar vatnsveitingar, heldr hætta við allar slíkar vatnsveitingar í verkum, þá er eg þess fulltrúa, að eg hef hér dregið upp rétta mynd af því horfi, sem guðleg forsjón hefir ætlað til að félagslífi Íslendinga hér vestan hafs væri í. Eg er viss um, að þessi mynd er rétt. En eg er líka viss um það, að það er komið undir lífi hins íslenzka lúterska kirkjufélags vors, að þessar tvöföldu andlegu vatnsveitingar heppnist þjóðflokki vorum í þessu landi.

gjóðlifi Íslands og
gjóðlifi. Og
tveir straumar,
tinni, sameinist,
dálitið hreint og
stöðuvatn. Og
það stöðuvatn,
þar sem það er,
fær af sjálfu
llegan lífsstraum,
sinn til Íslands,
sem frá oss
herfkanska þjóð-
sé ekki góðr í
fullri alvöru ó-
mann, sé hjartan-
að hættn, ekki
zkar vatnsveiting-
við allar slíkar
rkinn, þá er eg
g hefi hér dregið
því horfi, sem
r ætlazt til að
hér vestan hafs
s um, að þessi
eg er líka viss
er komið undir
úterska kirkjufé-
ar tvöföldu and-
heppnist þjóð-
snu landi.

